

To Verdener

Þegar sautján ára stúlka úr trúfélagi Votta Jehóva í Danmörku verður ástfangin af strák sem stendur fyrir utan það neyðist hún til að velja á milli tveggja ólíkra heima. Kvikmyndin vakti mikið umtal í heimalandinu þegar hún var frumsýnd þar á síðasta ári en hún byggir á sönnum atburðum og þykir sýna með nærgætnum og trúverðugum hætti hvernig félagslegu taumhaldi er viðhaldið innan trúfélagsins til að tryggja einingu hinna trúuðu í siðferðilegum og kenningarlegum efnum. Leikstjóri myndarinnar og annar handritshöfundur hennar, Niels Arden Oplev, leikstýrði áður stórum hluta dönsku spennuþáttaröðarinnar Örninn sem gerist að hluta til á Íslandi.

Bjarni Randver Sigurvinsson guðfræðingur mun flytja stuttan inngang um myndina fyrir sýninguna og stjórna umræðum að henni lokinni. Hann vinnur við rannsóknir á nýtrúarhreyfingum við Trúarbragðafræðistofu Hugvísindasviðs HÍ og er stundakennari í trúarbragðafræðum við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ.